# ÁRSSKÝSLA 2019

Hafrasæðingastöðvar GFFÍ

Birna Kristín Baldursdóttir
Guðni Ársæll Indriðason

# Efnisyfirlit

**Inngangur** ... 2

**Kostnaður við framkvæmdir** ... 4

**Starfsemi hafrasæðingastöðvar** ... 4

**Hafrar** ... 5

**Sæðistaka** ... 8

**Sýnatökur** ... 9

**Viðaukar** ... 10

# Inngangur

Árið 2010 var í fyrsta skipti fryst sæði úr geithöfrum á Íslandi, það verkefni tók Erfðalindasetur LbhÍ að sér með stuðningi frá Erfðanefnd landbúnaðarins. Vel tókst til og voru fryst um 800 strá úr átta höfrum, þar af voru flutt út til Bandaríkjanna 100 strá. Í desember 2018 urðu tímamót í hafrasæðistöku þegar Geitfjárræktarfélag Íslands tók á leigu húsnæði á Hvanneyri (Þórulág) fyrir hafrasæðingastöð. Húsnæðið var innréttað til að þjóna starfseminni sem best. Pláss er fyrir 10 gripi, sæðistöku, rannsókn auk fóðurgeymslu (Mynd 1). Guðni Á. Indriðason og Birna Kristín Baldursdóttir sáu um þarfagreiningu og hönnun stöðvarinnar. Guðni sá um smíðavinnu og fengnir voru iðnaðarmenn til að leggja rafmagn, pípulagnir og málari til að mála stöðina.
Í lok september fékk Hafrasæðingastöð GFFÍ formlegt starfsleyfi frá Matvælastofnun eftir úttekt eftirlitsaðila, stafsleyfið gildir í fimm ár (2024).

Dýralæknir stöðvarinnar er Harpa Ósk Jóhannesdóttir [harpaoskj@gmail.com](mailto:harpaoskj@gmail.com)




**Mynd 1.** Flæðirit af hafrasæðingastöð GFFÍ í Þórulág.



# LEYFI

*Með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum veitir Matvælastofnun hér með leyfi til neðangreinds.*

| | |
|---|---|
| Leyfishafi: | Geitfjárræktarfélag Íslands |
| Kennitala: | 450312-1850 |
| Bú: | Þórulág<br>311 Borgarnes |
| Starfsleyfisnúmer: | Bú-1338531A |
| Leyfið gildir til: | 24.9.2025 |

| *Starfsemi:* | *Í gildi frá:* | *Starfsemi:* | *Í gildi frá:* |
|---|---|---|---|
| CC - Semen collection centers | 25.9.2019 | GF Geitfé | 24.9.2019 |

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, aðsetur og starfsemi.*
*Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum.*
*Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

Elísabet Hrönn Fjóludóttir

Elísabet Hrönn Fjóludóttir, héraðsdýralæknir

Prentað: 25.9.2019

#0003827

mast
Matvælastofnun
Icelandic Food and Veterinary Authority

# Kostnaður við framkvæmdir

| **Hafrasæðingastöð Þórulág, Hvanneyri** | |
|---|---|
| Byggingarkostnaður | 5.572.180 |
| Tækjabúnaður | 584.801 |
| Húsbúnaður | 56.126 |
| Samtals | 6.213.107 |

# Starfsemi hafrasæðingastöðvar

Sótt var um leyfi til flutnings á höfrum hjá MAST og barst listi yfir þá bæi sem hafa söluleyfi og reyndist hann vera sá sami og fyrir 2018 eða hafði ekki verið uppfærður. Til að komast á þennan list þarf að sækja um leyfi til flutnings á kiðum frá búi og ef leyfi fæst lendir viðkomandi bú á þessum lista. Sumir eru á litanum þó að þeir séu hættir að ahlda geitur.

| **Sæðistaka desember 2019** | |
|---|---|
| Vinnuliðir | 378.040 |
| Rekstravörur | 41.253 |
| Hafrakaup | 210.000 |
| Huðnukaup (ógreitt) | 30.000 |
| Flutningur | 171.120 |
| Húsaleiga | 110.000 |
| Fóður (ógreitt) | 25.000 |
| Dýralæknir (áætlað) | 200.000 |
| Sýnarannsóknir (áætlað) | 700.000 |
| Leyfi og eftirlit | 12.650 |
| Umsjón og fóðrun (áætlað) | 600.000 |
| Samtals | 2.478.063 |

**Geitabú með söluleyfi 2018**

- Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, haafell@gmail.com, 435-1448, 845-2331
  - Háafell, Borgarbyggð, Vesturlandshólf
- Bæring Ingvarsson, 434-1206
  - Þorbergsstaðir, Dalabyggð, Vesturlandshólf
- Hafsteinn Óðinn Þórisson, thora@menntaborg.is, 435-1565, 696-1544
  - Brennistaðir, Reykholt í Borgarbyggð, Vesturlandshólf
- Karl Heiðar Valsson, kimpfler@emax.is, 893-3749, 437-1849
  - Hrafnkelsstaðir, Borgarbyggð, Vesturlandshólf
- Friðrik Ingólfur Helgason, hagangur@internet.is, 453-8228
  - Dýrfinnustaðir, Akrahreppur, Tröllaskagahólf
- Agnar Halldór Gunnarsson, dalla@kirkjan.is, 895-4123
  - Miklibær, Akrahreppur, Tröllaskagahólf
- Sturla Eiðsson, thufnavellir@simnet.is, 462-6754
  - Þúfnavellir, Hörgársveit, Tröllaskagahólf
- Linda Hrönn Ríkharðsdóttir, lindarikhardsdottir@gmail.com, 849-0990
  - Pálmholt, Þingeyjarsveit, Skjálfandahólf
- Gunnar Kjartan Þorleifsson, ina_leverkoehne@yahoo.de, 468-1294
  - Fjallalækjarsel, Svalbarðshreppur, Norðausturhólf
- Reimar Sigurjónsson, reim@simnet.is, 473-1696
  - Fell, Langanesbyggð, Norðausturhólf
- Vilhjálmur Vernharðsson, fjalladyrd@fjalladyrd.is, 894-0758
  - Möðrudalur, Fljótsdalshérað, Norðausturhólf

End of documer

# Hafrar

Í byrjun október voru fyrstu hafrar tekinir inn á stöðina. Þá lögðu Birna Kristín Baldursdóttir og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir land undir fót og keyrðu alla leið að Möðrudal á Fjöllum og sóttu þangað tvö vænlega hafurkið og einn þriggja vetra hafur á Rauðá við Goðafoss í S-Þingeyjarsýslu. Einn hafur kom úr Hornafirði sem hafði verið keyptur þaðan þremur árum áður og verið á Háafelli s.l. ár. Ætlunin var að sækja um leyfi til að taka hafur frá Hólmi í Hornafirði en það var ekki leyft þar sem garnaveiki hafði greinst á bæ í nágreni Hólms, kom sér þá vel að til var hafur þaðan á Háafelli. Einn hafur kom frá Þorbergsstöðum í Dölum, sá var keyptur árið 2018 og var fóstraður í Eskiholti (BKB) einn vetur. Einn hafur kom frá Brennistöðum í Flókadal og tveir frá Háafelli í Hvítársíðu, Borgarfirði. Hafrarnir fengu allir ný númer sem tilheyra Hafrasæðingastöð í Heiðrúnu. Auk þess voru tvær huðnur á stöðinni til að standa undir höfrum við sæðistöku, ein frá Háafelli og önnur frá Eskiholti.

**Hafrar á sæðingastöð 2019**

| | |
|---|---|
| Breki frá Þorbergsstöðum 18-014<br>Bæjarnúmer 1375921<br>Faðir: Tanngnjóstur frá Fjallalækjarseli<br>Móðir: Rjúpa frá Þorbergsstöðum<br>Fæddur í apríl 2018<br>18-994 | Móbakur frá Háafelli 18-053, Borgarfirði<br>Bæjarnúmer 1346461<br>Faðir: Hólmur frá Hólmi 16-058<br>Móðir: Gasella frá Háfelli 13-022<br>Fæddur apríl 2018<br>18-995 |
| Sjarmi frá Brennistöðum 18-053, Borgarfirði<br>Bæjarnúmer 1343871<br>Faðir: Rogginn frá Brennistöðum 15-012<br>Móðir: Brunnklukka frá Brennistöðum 17-247<br>Fæddur 2018 – er á Háafelli<br>18-996 | Snær frá Rauðá 17-001, S- Þingeyjarsýslu<br>Bæjarnúmer 1534501<br>Faðir: 13-001<br>Móðir: 14-001<br>Fæddur 12.03.2017<br>17-993 |
| Ísólfur frá Möðrudal, Fljótsdal<br>Bæjarnúmer 1569231<br>Fæddur mars 2019<br>19-997 | Freymóður frá Möðrudal, Fljótsdal<br>Bæjarnúmer 1569231<br>Fæddur: 2019<br>19-998 |
| Hólmur frá Hólmi, Hornafirði 16-058<br>Bæjarnúmer 1600931<br>Fæddur. 2016<br>Er staðsettur á Háafelli í Hvítársíðu<br>16-991 | Heimir frá Háafelli 17-050<br>Bæjarnúmer 1346461<br>F: Magnús frá Háafelli 16-073<br>M. Bríet frá Háafelli 12-013<br>Fæddur 2017<br>17-992 |

Mynd 2 Hafrar á sæðingastöð haust 2019, númer hafra í Heiðrúnu má sjá neðst við hvern hafur (rautt)





**Hólmur 16-991** **Snær 17-998**





**Móbakur 18-995** **Sjarmi 18-996**





**Breki 18-994** **Heimir 17-992**





**Freymóður 19-998** **Ísólfur 19-997**

# Sæðistaka

Stafsmenn við sæðistöku voru Guðmundur Hallgrímsson sem sá um sæðistöku úr höfrunum, Þorsteinn Ólafsson dýralæknir sá um frystingu og Birna Kristín Baldursdóttir hafði umsjón með höfrum og skipulagði sæðistöku, auk þess aðstoðaði Þorstein við frystingu. Sæðið var undirbúið fyrir frystingu á sæðingastöðinni í Þórulág en fryst á Nautastöð BÍ á Hesti. Þar er sæðið geymt og sjá starfsmenn Nautastöðvar um að ávalt sé nóg köfnunarefni á sæðiskútum.

*Tafla 1*

| Númer | Nafn | 2.des | 3.des | 4.des | 5.des | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17-998 | Snær | 16 | 19 | 50 | 37 | 122 |
| 16-991 | Hólmur | 31 | 37 | 35 | 77 | 180 |
| 18-996 | Sjarmi | 7 | 19 | 40 | | 66 |
| 18-994 | Breki | 16 | 19 | | | 35 |
| 18-995 | Móbakur | 19 | 25 | 45 | 45 | 134 |
| 19-998 | Freymóður | 13 | | | | 13 |
| 17-992 | Heimir | Ekki tókst að frysta sæði úr hafrinum | | | | |
| 19-997 | Ísólfur | Gaf ekki sæði | | | | |
| | | 102 | 119 | 170 | 159 | 550 |

Sæði til frystingar náðist úr 6 höfrum. Sæði úr Heimi frá Háafelli fraus ekki og Ísólfur gaf ekki sæði en úr einu skoti frá Freymóði frá Möðrudal var hægt að frysta nokkur strá (sjá töflu 1)

# Sýnatökur

Dýralæknir stöðvarinnar Harpa Ósk Jóhannesdóttir sá um að heilbrigðisskoða alla gripi bæði huðnur og hafra. Sýnatökur vegna væntanlegs útflutnings á sæði til Bandaríkjanna voru nauðsynlegar til staðfestingar á heilbrigði állra gripa sem á stöðina komu. Prófa þurfti fyrir; Brucella abortus/melitensis, Mæði-Visna, Blátungu (Tafla 1.) og Berkum. Harpa Ósk gerði berklaprófið en Keldur sáu um önnur próf. Allir gripir reyndust neikvæðir fyrir þeim sjúkdómum sem prófað var fyrir.

**Tafla 2** Sýnatökur úr höfrum og huðnum á sæðingastöð

| | | | Dagsetning sýnatöku | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 25.11.2019 | | | 6.1.2020 | 3.2.2020 | |
| **Glas nr.** | **Dýr nr.** | **Nafn** | **Brucella abortus / melitensis** | **Mæði - Visna** | **Blátunga** | **Blátunga** | **Brucella abortus / melitensis** | **Mæði - Visna** |
| 1 | 16991 | Hólmur | x | x | x | x | x | x |
| 2 | 17992 | Heimir | x | | | | x | |
| 3 | 17993 | Snær | x | x | x | x | x | x |
| 4 | 18994 | Breki | x | x | x | x | x | x |
| 5 | 18995 | Móbakur | x | x | x | x | x | x |
| 6 | 18996 | Sjarmi | x | x | x | x | x | x |
| 7 | 19997 | Ísólfur | x | | | | x | |
| 8 | 19998 | Freymóður | x | | | | x | |
| 9 | 12006 | Skrítla | x | | | | x | |
| 10 | 15008 | Pálína | x | | | | x | |



Mynd 3 Verið að berklaprófa, Þorvaldur Þorbjörnsson er Hörpu dýralækni til aðstoðar.

# Viðaukar

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 Selfoss

Reykjavík, 22. mars 2019

**Efni: Stofnun hafrasæðingastöðvar - meðmæli Bændasamtaka Íslands**
*Tilv. 201903-0018*

Skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um búfjársæðingar og flutning á fósturvísum nr. 540/2016 veitir Matvælastofnun m.a. leyfi til starfrækslu sæðingastöðva að fengnum meðmælum Bændasamtaka Íslands.

Nú hefur Geitfjárræktarfélagið tekið á leigu húsnæði í Þórulág á Hvanneyri og stendur til að innrétta það fyrir starfsemi hafrasæðingastöðvar. Eftirlitsdýralæknir Matvælastofnunar hefur skoðað húsnæðið og telur það geta hentað.

Með vísan til ofangreinds mæla Bændasamtök Íslands með að Matvælastofnun veiti Geitfjárræktarfélaginu leyfi til starfrækslu hafrastæðingastöðvar í Þórulág á Hvanneyri.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Hvanneyri 22. mars 2019

Efni: Leyfi til starfrækslu hafrasæðingastöðvar í Þórulág á Hvanneyri

Geitfjárræktarfélag Íslands (GFFÍ) óskar hér með eftir leyfi til að setja á stofn sæðingastöð fyrir hafra sem staðsett verður á Hvanneyri í Borgarfirði.

Í gildi er samningur milli Geitfjárræktarfélags Íslands og Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands (NBÍ) þar sem NBÍ hefur tekið að sér frystingu og geymslu hafrasæðis fyrir GFFÍ. Dýralæknir NBÍ Harpa Ósk Jóhannesdóttir (kt. 240992 2569) hefur tekið að sér að vera ábyrgðardýralæknir stöðvarinnar.

Leitast verður við að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 540/2016 um búfjársæðingar og flutning fóstuvísa.

Meðfylgjandi eru meðmæli frá Bændasmtökum Ísland.

Virðingarfyllst
Fh Geitfjárræktarfélags Ísland

Birna Kristín Baldursdóttir

Birna Kristín Baldursdóttir Guðni Ársæll Indriðason

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Hvanneyri 1. apríl 2019

Efni: Leyfi til starfrækslu hafrasæðingastöðvar í Þórulág á Hvanneyri

Fyrirhöguð tilhögun við söfnun hafrasæðis og frystingu.

Leitast verður við að fara í einu og öllu eftir ákvæðum reglugerðar nr 540/2016 um búfjársæðingar og flutning fósturvísa og reglugerðar nr. 1066/2014 velferð sauðfjár og geitfjár.

Sæðistökuhafrar verða hýstir á stöðinni á meðan á sæðistöku stendur, auk þess er gert ráð fyrir að hýsa huðnur sem standa undir á meðan sæðistöku stendur.

Í gildi er samningur milli Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands (NBÍ) og Geitfjárræktarfélags Íslands (GFFÍ). Þar er gert ráð fyrir að NBÍ sjái um sæðistöku, frystingu og geymslu, en GFFÍ sjá um fóðrun og hirðingu og einangrun hafra vegna sæðistöku til útflutnings þegar það á við. Einnig sér GFFÍ um val á kynbótagripum sem er þó háð leyfi MAST um flutning gripa milli varnarhólfa.

Meðfylgjandi er flæðirit sem ætti að gefa góða mynd af húsæðinu og hvar skil milli hreinna og óhreinna svæðum eru.

Virðingarfyllst

Fh Geitfjárræktarfélags Íslands

________________________________
Birna Kristín Baldursdóttir

Birna Kristín Baldursdóttir Guðni Ársæll Indriðason

# Varnarhólf

Samkvæmt ofangreindum varnarlínum í 1. gr. verða til eftirfarandi varnarsvæði:

| | *Varnarsvæði* | *Varnarlínur* |
|---|---|---|
| 1 | Landnámshólf | Hvalfjarðarlína (4) að norðan – Sogs- og Bláskógalína (2) að austan – Hvítárlína (1) að sunnan |
| 2 | Vesturlandshólf | Hvammsfjarðarlína (6) að norðan – Tvídægrulína (9) að austan – Hvalfjarðarlína (4) að sunnan – Snæfellslína (5) að vestan |
| 3 | Snæfellsneshólf | Snæfellslína (5) |
| 4 | Dalahólf | Gilsfjarðarlína (7) að norðan – Hvammsfjarðarlína (6) að sunnan |
| 5 | Vestfjarðahólf eystra | Kollafjarðarlína (8) að vestan – Gilsfjarðarlína (7) að sunnan |
| 6 | Vestfjarðahólf vestra | Kollafjarðarlína (8) |
| 7 | Miðfjarðarhólf | Hvammsfjarðarlína (6) að norðan – Tvídægrulína (9) að vestan – Miðfjarðarlína (10) að austan |
| 8 | Vatnsnesshólf | Miðfjarðarlína (10) að sunnan – Vatnsneslína (11) að austan |
| 9 | Húna- og Skagahólf | Vatnsneslína (11), Miðfjarðarlína (10) og Tvídægrulína (9) að vestan – Kjalarlína (12) að sunnan – Héraðsvatnalína (14) að austan |
| 10 | Tröllaskagahólf | Héraðsvatnalína (14) að vestan – Eyjafjarðarlína (15) að austan |
| 11 | Grímseyjarhólf | Grímsey |
| 12 | Eyjafjarðarhólf | Eyjafjarðarlína (15) að vestan – Skjálfandalína (17) að austan – Sprengisandslína (16) að sunnan |
| 13 | Skjálfandahólf | Skjálfandalína (17) að vestan – Fjallalína (18) að austan |
| 14 | Norðausturhólf | Fjallalína (18) að vestan – Jökuldalslína (19) að austan |
| 15 | Héraðshólf | Jökuldalslína (19) að vestan – Lagarfljótslína (20) að austan |
| 16 | Austfjarðahólf | Lagarfljótslína (20) að vestan – Reyðarfjarðarlína (21) að sunnan |
| 17 | Suðurfjarðahólf | Lagarfljótslína (20) að vestan – Reyðarfjarðarlína (21) að norðan – Hamarsfjarðarlína (22) að sunnan |
| 18 | Suðausturlandshólf | Hamarsfjarðarlína (22) að norðan – Breiðamerkursandslína (23) að vestan |
| 19 | Öræfahólf | Breiðamerkursandslína (23) að austan – Skeiðarársandslína (24) að vestan |
| 20 | Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf | Skeiðarársandslína (24) að austan – Markarfljótslína (26) að vestan – Tungnárlína (25) að norðan |
| 21 | Rangárvallahólf | Markarfljótslína (26) og Tungnárlína (25) að austan – Þjórsárlína (27) að vestan – Sprengisandslína (16) að norðan |
| 22 | Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf | Þjórsárlína (27) að austan – Hvítárlína (1) að vestan |
| 23 | Biskupstungnahólf | Hvítárlína (1) að austan – Brúarárlína (3) að vestan – Kjalarlína (12) að norðan |
| 24 | Grímsnes- og Laugardalshólf | Brúarárlína (3) að austan – Hvítárlína (1) að sunnan og Sogs- og Bláskógalína (2) að vestan |
| 25 | Vestmannaeyjahólf | Vestmannaeyjar |

4. gr.

*Gildistaka og heimild.*

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 793/2009, ásamt breytingum, um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. janúar 2018.*